



IEEE staðallinn

Leiðbeiningar um tilvísanir og heimildaskráningu

Vinsamlega athugið!

IEEE staðallinn fyrir heimildaskráningu er upphaflega búinn til fyrir fræðigreinar. Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar til að aðlagða staðallinn ritgerðavinnu. Í þessum leiðbeiningum er upprunalegi enski textinn stundum látinn fylgja með til frekari útskýringu.

Þessi íslenska þýðing byggir á leiðbeiningum frá IEEE um heimildaskráningu:
IEEE Editorial Style Manual: http://www.ieee.org/documents/style_manual.pdf

Lítið er fjallað um rafrænar heimildir í IEEE staðlinum og hefur ýmisum dæmum verið bætt við í íslensku leiðbeiningarnar.

Kennarar HR gætu kostið að styðjast við aðrar útfærslur af IEEE staðlinum.

Enda þótt upplýsingafræðingar BUHR hafi leitast við að setja eftirfarandi leiðbeiningar fram villulausar og samkvæmt áreiðanlegustu leiðbeiningum frá IEEE, þá er ekki unnt að ábyrgjast að ávallt sé svo.

Nemar eru hvattir til að bera eftirfarandi leiðbeiningar saman við ofangreindar leiðbeiningar frá IEEE og/eða bera vafaatriði undir kennara sína.

Efnisyfirlit

Tilvísanir	3
Heimildaskráning.....	3
Útgefið efni á prenti.....	4
Tímaritsgreinar / Periodicals	4
Bækur / Books.....	4
Kafli í bók / Book Chapters.....	4
Handbækur / Handbooks	5
Skýrslur / Reports.....	5
Útgefin ráðstefnurit / Published Conference Proceedings	6
Fyrirlestrar fluttir á ráðstefnu / Papers Presented at Conferences.....	6
Einkaleyfi / Patents	6
Staðlar / Standards	7
Lokaritgerðir / Theses (M.S.) and Dissertations (Ph.D.).....	7
Lög og reglugerðir	7
Óútgefið efni / Unpublished.....	8
Rafrænar heimildir / Online Sources	8
Vefsíður / WWW	8

Tilvísanir

IEEE notast við númer í hornklofa sem tilvísun í texta. Fyrsta tilvísunin í texta fær töluna [1] og ef vísað er aftur í þá sömu heimild er alltaf vísað í sömu töluna. Næsta heimild fær tilvísunina [2] og svo koll af kolli. Athuga þarf sérstaklega vel að númera rétt ef texti er færður til eða nýr texti kemur inn í miðjan kafla, bæði númerun í tilvísunum og heimildaskrá.

Tilvísanir birtast í hornklofa á undan greinamerki (þ.e.a.s. punktur og komma koma fyrir aftan hornklofa). Málfræðilega má meðhöndla tilvísanir eins og neðanmálgreinar:

... eins og sýnt er í Brown [4], [5] ...
... sem nefnt var áður [2], [4]-[7], [9] ...
... Smith [4] og Brown og Jones [5]...
... Wood o.fl. [7] í rannsókn sinni ...

Eða eins og nafnorð:

... eins og sýnt er í [2]...
... samkvæmt [4] og [6]-[9] þá telst ...

Ef talað er um höfunda í meginmáli skal taka fram öll nöfn höfunda ef þeir eru fimm eða færri. Ef höfundar eru sex eða fleiri skal aðeins taka fram nafn fyrsta höfundar og skrifa o.fl. á eftir. Skrifa skal höfundana í sömu röð og þeir koma fram á heimildinni sjálfri.

Þegar þarf að taka fram nákvæma staðsetningu innan heimildar, t.d. blaðsíðutal eða númer myndar þá kemur það inn í hornklofann fyrir aftan númerið og komma á milli:

[3, bls. 5]; [3, mynd 1]; [3, viðauki I]; [3, kafli 2]; [3, algorithm 5]; o.s.frv.

Heimildaskráning

Höfundar

Höfundanöfn eru ávallt skrifuð upphafsstafur fyrsta nafns með punkti á eftir og svo kemur eftirnafn. Undantekning á reglunni eru íslensk nöfn höfunda á heimildum sem eru á íslensku. Þá skal fylgja íslenskri nafnahefð. En ef Íslendingur er að skrifa á ensku þá skal gera upphafsstaf fyrsta nafns og svo eftirnafn.

Dæmi um heimild á ensku: J. Jónsson, F. Smith, R. Dawson, S. K. Olsen ...

Dæmi um heimild á íslensku: Jón Jónsson, Bryndís Kolbeinsdóttir, Ólafur Sveinsson ...

Aldrei breyta innri röðun höfunda í heimild. Ef höfundar eru fimm eða færri skal taka fram nöfn allra með **og** á undan síðasta nafni. Ef höfundar eru sex eða fleiri skal aðeins taka fram nafn fyrsta höfundar og skrifa svo **o.fl.** á eftir. Einnig skal nota **o.fl.** ef nöfn höfunda eru ekki tilgreind í heimild, þ.e.a.s. það stendur **et al.** í staðinn fyrir öll nöfn höfunda.

Útgáfustaður

Þegar taka skal fram útgáfustað þarf að taka fram borg og land. Ef útgáfustaður er borg í Bandaríkjunum skal taka fram borgina og skammstafa fylkið en sleppa landinu.

Dæmi USA: Boston, MA / Orlando, FL / San Diego, CA / New York, NY.

Dæmi annað: Friburg, Þýskaland / Perth, Ástralía / Waterford, Írland / Reykjavík, Ísland.

Mánuðir

Alltaf skal stytta mánaðaheiti og nota fyrstu þrjá stafina. Ekki skrifa mánuði með stórum staf nema í byrjun setningar.

jan., feb., mar., ...

Útgefið efni á prenti

Tímaritsgreinar / Periodicals

Zotero:
Item type = Journal Article

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, „Titill greinar”, *Titill tímarits*, árg. x, tbl. x, bls. xxx-xxx, mán. ártal.

Basic Format:

- [1] A. Author, “Name of paper,” *Abbrev. Title of Journal*, vol. x, no. x, pp. xxx-xxx, Abbrev. Month, year.

Skrifa skal nafn tímarits nákvæmlega eins og stendur á greininni. Nota skal stutt heiti ef það er þekkt. Ef til er DOI auðkenni fyrir greinina má láta það fylgja fyrir aftan ártal (sjá dæmi fyrir neðan). Ef það kemur ekki fram mánuður þá skal aðeins rita ártalið.

Dæmi:

- [1] R. E. Kalman, „New results in linear filtering and prediction theory”, *J. Basic Eng.*, árg. 83, bls. 95-108, mar. 1961.
[2] R. Klimoski og S. Palmer, „The ADA and the hiring process in organizations”, *Consulting Psychology Journal: Practice and Reserach*, árg. 45, tbl. 2, bls. 10-36, 1993.
[3] J. Sterling, M. A. Pai og P. W. Sauer, „A Methodology of secure and optimal operation of a power system for dynamic contingencies”, *Electric Machines & Power Systems*, árg. 19, tbl. 5, bls. 639–655, 1991. Doi: 10.1080/07313569108909551
[4] A. K. Rappe, C. J. Casewit, K. S. Colwell, W. A. Goddard og W. M. Skiff, „UFF, a full periodic table force field for molecular mechanics and molecular dynamics simulations”, *J. Am. Chem. Soc.*, árg. 114, tbl. 25, bls. 10024–10035, 1992. Doi: 10.1021/ja00051a040
[5] J. S. Fulda, „The Internet as an engine of scholarship”, *ACM SIGCAS Computers and Society*, árg. 30, tbl. 1, bls. 17-27, 2000. Doi:doi.acm.org/10.1145/572217.572222

Bækur / Books

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, *Titill bókar*. Útgáfustaður: Útgefandi, ártal.
[2] H. Höfundur, *Titill bókar*, x. útg. Útgáfustaður: Útgefandi, ártal.

Zotero:
Item type = Book / Bók

Basic Format:

- [1] A. Author, *Title of Book*. City of Publisher, (only U.S. State), Country: Abbrev. of Publisher, year.
[2] A. Author, *Title of Book*, xth ed. City of Publisher, (only U.S. State), Country: Abbrev. of Publisher, year.

Aðeins taka fram útgáfunúmer ef seinni en fyrsta útgáfa. Ef það er ekki höfundur, þá skal setja ritstjóra í höfundarstað, með ritstj. á eftir. Ritstjórar geta verið fleiri en einn.

Dæmi:

- [1] B. Klaus og P. Horn, *Robot Vision*. Cambridge, MA, Bandaríkin: MIT Press, 1986.
[2] J. C. Hull, *Options, Futures, and Other Derivatives*, 8. útg. Boston, MA: Pearson, 2012.
[3] Westinghouse Electric Corporation, *Integrated Electronic Systems*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall, 1970.
[4] C. A. Hawthorne, ritstj., *Financial crises: Identification, forecasting, and effects on transition economies*. Hauppauge, NY: Nova Science Publisher's, 2013.

Kafli í bók / Book Chapters

Zotero:
Item type = Book Section / Bókarhluti

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, „Titill bókarkafla”, í *Titill bókar*, x. útg., x. bindi. Útgáfustaður: Útgefandi, ártal, bls. xxx-xxx.
[2] H. Höfundur, „Titill bókarkafla”, í *Titill bókar*, x. útg., x. bindi, R. Ritstjóri, ritstj. Útgáfustaður: Útgefandi, ártal, bls. xxx-xxx.

Basic Format:

- [1] A. Author, "Title of chapter in the book," in *Title of His Published Book*, xth ed. City of Publisher, (only U.S. State), Country: Abbrev. of Publisher, year, ch. x, sec. x, pp. xxx-xxx.
- [2] A. Author, "Title of chapter in the book," in *Title of Book*, xth ed., x. vol., E. Editor, Ed. City of Publisher, (only U.S. State), Country: Abbrev. of Publisher, year, pp. xxx-xxx.

Þegar það eru mismunandi höfundar á hverjum kafla í bók skal taka fram kaflann sem notaður er. Aðeins taka fram útgáfu ef önnur en fyrsta útgáfa. Í enska staðlinum (sjá „Basic Format” [1] hér að ofan) er sýnt að taka skal fram hvaða kaflanúmer (ch.) og hlutanúmer (sec.) er notað en það má sleppa þeim smáatriðum ef það kemur ekki skýrt fram í heimild.

Dæmi:

- [1] R. L. Myer, „Parametric oscillators and nonlinear materials”, í *Nonlinear Optics*, 4. bindi, P. G. Harper og B. S. Wherret, ritstj. San Fransisco, CA: Academic, 1977, bls. 47-160.
- [2] K. Behfarnia, „Seismic response of buildings with setback”, í *Earthquake Resistant Engineering Structures III*, C. A. Brebbia og A. Corz, ritstj. Boston, MA: WIT, 2001, bls. 75-82.
- [3] N. Clarke og K. Rowles, „Patent information”, í *Information Sources in Engineering*, 4. útg., R. A. MacLeod og J. Corlett, ritstj. München, Þýskaland: K. G. Saur, 2005, bls. 140-167.

Handbækur / Handbooks

Meginregla:

- [1] *Nafn á handbók*, x. útg., Nafn fyrirtækis, Útgáfustaður, ártal.

Zotero:

Item type = Book / Bók

Basic Format:

- [1] *Name of Manual/Handbook*, x ed., Abbrev. Name of Co., City of Co., Abbrev. State, year, pp. xx-xx.

Dæmi:

- [1] *Transmission Systems for Communications*, 3. útg., Western Electric Co., Winston-Salem, NC, 1985.
- [2] *Motorola Semiconductor Data Manual*, Motorola Semiconductor Products Inc., Phoenix, AZ, 1989.

Skýrslur / Reports

Meginregla prentaðar:

- [1] H. Höfundur, „Titill skýrslu”, Fyrirtæki eða Stofnun, Útgáfustaður, nr. xxx, ártal.

Zotero:

Item type = Report / Skýrsla

Meginregla rafrænar:

- [1] H. Höfundur, „Titill skýrslu”, Fyrirtæki*, ártal. [Rafrænt]. Af: <http://www>. Sótt: dagur. mán. ártal.

Basic Format:

- [1] A. Author, "Title of report," Abbrev. Name of Co., City of Co., Abbrev. State, Country, Rep. xxx, year.

Almenna reglan þegar vísað er í tækniskýrslur er að setja nafn og staðsetningu fyrirtækis eða stofnunar sem gefur skýrsluna út á eftir höfundi og titli og setja skýrslunúmer og dagsetningu í enda heimildar. Ef skýrsla hefur ekki númer skal sleppa því. Ef skýrsla hefur ekki höfund eða ritstjóra skal byrja heimild á titli. Ef skýrslan er rafræn af netinu skal sleppa borg og landi og setja inn [Rafrænt] og vefslóð. Sjá dæmi [3]. * ef skýrsla er skráð á fyrirtæki eða stofnun sem höfund þá er óþarfi að taka fram aftur heiti fyrirtækis hér. Þá kemur ártalið beint á eftir titli.

Dæmi:

- [1] N. Asokan, V. Shoup og M. Waidner, „Optimistic fair exchange of digital signatures”, IBM, Zurich, Swiss, nr. RZ 2973, 1997.
- [2] P. Diamant og W. L. Lupatkin, „V-line surface-wave radiation and scanning”, Dept. Elect. Eng., Columbia Univ., New York, NY, nr. 85, ágú., 1991.

- [3] Seðlabanki Íslands, „Fjármálainnviðir 2017“, 2017. [Rafrænt]. Af: https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalainnvidir/Fjarmalainnvidir_%202017_7juni.pdf. Sótt: 27. mar. 2018.

Útgefin ráðstefnurit / Published Conference Proceedings

Zotero:
Item type = Conference Paper

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, „Titill fyrirlesturs“, í *Nafn á ráðstefnu*, (Ráðstefnustaðsetning er val), ártal, bls. xx-xx.

Basic format:

- [1] A. Author, “Title of paper,” in *Abbreviated Name of Conf.*, (location of conference is optional), year, pp. xxx-xxx.

Ef ártal ráðstefnu kemur fram í titli ráðstefnunnar er óþarfi að geta aftur ártals aftast.

Dæmi:

- [1] S. P. Bingulac, „On the compatibility of adaptive controllers”, í *Proc. 4th Annu. Allerton Conf. Circuit and System Theory*, New York, NY, 1994, bls. 8-16.
[2] C. Janow, „Guidance and control components for space applications”, í *Proc. National Electronics Conference*, 1994, bls. 30-35.
[3] P. C. Parks, „Lyapunov redesign of model reference adaptive control systems”, í *1993 Joint Automatic Control Conf., Preprints*, bls. 485-491.
[4] A. H. Mazinan og N. Sadati, „Fuzzy multiple modeling and fuzzy predictive control of a tubular heat exchanger system”, í *Proc. 7th WSEAS Int. Conf. Applied Computer and Applied Computational Science*, 2008, bls. 93–98.

Fyrirlestrar fluttir á ráðstefnu / Papers Presented at Conferences

Zotero:
Item type = Conference Paper

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, „Titill fyrirlesturs”, flutt á *Nafn á ráðstefnu*, Ráðstefnustaðsetning, ártal.

Basic format:

- [1] A. Author, “Title of paper,” presented at the abbrev. Name of Conf., City of Conf., Abbrev. State (if given), year.

Ef fyrirlesturinn er skoðaður rafræn skal bæta við [Rafrænt] og vefslóð á eftir ártali. *Sjá kafla um Rafrænar heimildir.*

Dæmi:

- [1] J. G. Kreifeldt, „An analysis of surface-detected EMG as an amplitude-modulated noise”, flutt á 1989 Int. Conf. Medicine and Biological Engineering, Chicago, IL, 9-12. nóv. 1989.
[2] M. Mayer, flutt á 4th Congr. Permanent Magnets, Grenoble, Frakkland, mar., 1995.
[3] J. Arrillaga og B. Giessner, „Limitation of short-circuit levels by means of HVDC links”, flutt á IEEE Summer Power Meeting, Los Angeles, CA, 12-17 júl. 1990, Paper 70 CP 637.

Einkaleyfi / Patents

Zotero:
Item type = Patent / Einkaleyfi

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, „Titill einkaleyfis”, U.S. Patent x xxx xxx, dagsetning.

Basic Format:

- [1] A. Author, “Title of patent,” U.S. Patent x xxx xxx, Abbrev. Month, day, year.

Nota skal „issued date“ ef margar dagsetningar eru gefnar.

Dæmi:

- [1] J. P. Wilkinson, „Nonlinear resonant circuit devices”, U.S. Patent 3 624 125, 16. júl. 1990.

Staðlar / Standards*Meginregla:*

- [1] *Titill staðals*, númer, dagsetning.

Zotero:

Item type = Book / Bók

Basic Format:

- [1] *Title of Standard*, Standard number, date.

Dæmi:

- [1] *IEEE Criteria for Class IE Electric Systems*, IEEE Standard 308, 1969.
[2] *Letter Symbols for Quantities*, ANSI Standard Y10.5-1968.
[3] *Almennir skilmálar um útbod og verksamninga vegna gagnavinnslukerfa*, ICS 35.020, 1995.

Zotero:

Item type = Thesis

Lokaritgerðir / Theses (M.S.) and Dissertations (Ph.D.)*Meginregla:*

- [1] H. Höfundur, „Titill meistaritgerðar”, Meistararitgerð, Deild, Háskóli, Borg háskóla, ártal.
[2] H. Höfundur, „Titill doktorsritgerðar”, Doktorsritgerð, Deild, Háskóli, Borg háskóla, ártal.

Basic Format:

- [1] A. Author, “Title of thesis,” M.S. thesis, Abbrev. Dept., Abbrev. Univ., City of Univ., Abbrev. State, year.
[2] A. Author, “Title of dissertation,” Ph.D. dissertation, Abbrev. Dept., Abbrev. Univ., City of Univ., Abbrev. State, year.

Skrifa deild og skóla eins og kemur fram á heimildinni. Ekki þarf að taka fram borg ef heitið á borginni kemur fram í nafni skólans, sbr. Háskólinn í Reykjavík. Ef ritgerðin er skoðuð rafræn skal bæta við [Rafrænt] og vefslóð á eftir útgáfuártali. *Sjá kafla um Rafrænar heimildir.*

Dæmi:

- [1] J. O. Williams, „Narrow-bandana lyzer”, Doktorsritgerð, Dept. Elect. Eng., Harvard Univ., Cambridge, MA, 1993.
[2] Brynjar Örn Ellertsson, „Áhrif saltbrúa og yfirborðshleðslna á hitastigsaðlögun subtilisin-líkra serín próteinasa”, Meistararitgerð, Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Háskóli Íslands, Reykjavík, Ísland, 2012.
[3] M. Hassan, „Analysis of the propagation of uterine electrical activity applied to predict preterm labor”, Doktorsritgerð, Tækni- og verkfræðideild, Háskólinn í Reykjavík, Ísland, 2011.
[4] H. Finnsson, „Simulation-based general game playing”, Doktorsritgerð, Tölvunarfræðideild, Háskólinn í Reykjavík, Ísland, 2012.

Lög og reglugerðir*Meginregla:*

- [1] *Heiti laga eða reglugerðar nr. xx/ártal.*

Zotero:

Item type = Statute

Dæmi:

- [1] *Lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmen nr. 91/2006.*
[2] *Raforkulög nr. 65/2003.*
[3] *Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.*

Óútgefið efni / Unpublished

Samkvæmt hefðinni eru munnlegar heimildir ekki skráðar í heimildaskrá nema ef sérstaklega er óskað eftir því. Þetta eru tvær algengustu aðferðir við að skrá munnlegar heimildir og óútgefið efni.

Zotero:

Item type [1] = Interview
Item type [2] = Report / skýrsla

Meginregla:

- [1] H. Höfundur, munnleg heimild, dagsetning.
- [2] H. Höfundur, „Titill verks”, óútgefið.

Basic Format :

- [1] A. Author, private communication, Abbrev. Month, year.
- [2] A. Author, “Title of paper,” unpublished.

Dæmi:

- [1] Atli Guðmundsson, munnleg heimild, 12. apr. 2013
- [2] C. J. Kaufman, Rocky Mountain Research Lab., Boulder, CO, munnleg heimild, maí 2013.
- [3] Gréta Baldursdóttir, „Hitastig sjávar frá yfirborði og niður á botn”, óútgefið.

Rafrænar heimildir / Online Sources

Meginreglan þegar vísað er í rafrænar heimildir er að fylgja sömu reglum og gilda um prentheimildir en bæta við **DOI** (Digital Object Identifier) auðkenni aftast ef það er til staðar fyrir rafrænar tímaritsgreinar. Fyrir aðrar rafrænar heimildir skal bæta við fyrir aftan venjuleg skráningu **[Rafrænt]**. **Af: http://..., sótt dagsetning**. Einnig er í lagi að nota **Aðgengilegt:** eða **Aðgengilegt af:** í staðin fyrir bara **Af:**

Um sumar tegundir rafrænna heimilda er ekki fjallað í IEEE staðlinum og sumstaðar er ekki samræmi í leiðbeiningum frá IEEE, t.d. hvernig sótt dagsetningin á að vera. Lítið er fjallað um vefsíður sem heimildir í staðlinum en reynslan sýnir að nemendur nota mikið vefsíður og þessvegna hefur BUHR komið með tillögur að skráningu rafrænna heimilda.

Vefsíður / WWW

Zotero:

Item type = Web Page / Vefur

Þegar vefsíður eru notaðar sem heimildir þarf að hafa í huga að oft vantar mikið af upplýsingum um vefsíðuna til þess að geta skráð hana í heimildaskrá. Sjaldnast er getið höfunda á efni og ekki alltaf er skýr dagsetning á því hvenær efnið er sett á netið. **Höfundar að vefsíðum geta verið einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki.** Ef það er ekki skýrt hver er höfundur að efninu þá skal sleppa því að setja inn höfund og skrá heimildina á titil. Einnig er leyfilegt að láta stofnun eða fyrirtæki vera höfund í þeim tilfellum þar sem það á við.

Fyrir vefsíður skal nota [Rafrænt] til að lýsa tegund/formi heimildar.

Meginregla – með höfundi:

- [1] H. Höfundur, „Titill síðu”, dagsetning. [Rafrænt]. Af: <http://www>. Sótt: dagur. mán. ártal.

Meginregla – án höfundar:

- [2] „Titill síðu”, dagsetning. [Rafrænt]. Af: <http://www>. Sótt: dagur. mán. ártal.

Basic Format – with author:

- [1] A. Author, "Title of page," date. [Online]. Available: <http://www>. Accessed: day mon., year.

Basic Format – without author:

- [2] "Title of page," date. [Online]. Available: <http://www>. Accessed: day mon., year.

Dæmi:

- [1] K. Bronsor og J. Strickland, „How nanotechnology works”, 20. mar. 2007. [Rafrænt]. Af: <http://science.howstuffworks.com/nanotechnology.htm>. Sótt: 27. maí 2013.

- [2] Jón Eiríksson, „Stefna Umhverfisstofnunar”. [Rafrænt]. Af:
<http://www.ust.is/umhverfisstofnun/hlutverk-og-stefna/stefna-umhverfisstofnunar>. Sótt: 22. apr. 2013.
- [3] „NASA picks a winter rest stop for Mars rover Opportunity”, 6. jan. 2012. [Rafrænt]. Af:
http://www.msnbc.msn.com/id/45902372/ns/technology_and_science-space/#.Twdx7vJRB8E. Sótt: 3. sep. 2013.
- [4] „Effect of the global credit crunch on market”, 2009. [Rafrænt]. Af:
<http://www.economywatch.com/economy-articles/effect-global-credit-crunch.html>. Sótt: 30. feb. 2013.
- [5] J. Amos, „Eavesdropping on the Squid World”, 12. feb. 2012. [Rafrænt]. Af:
<http://www.bbc.co.uk/news/science-environment-17117194>. Sótt: 17. apr. 2013.